

Svör við fyrirspurn Siðmenntar sem bárust með tölvupósti frá Ingu Auðbjörgu Straumland formanni Siðmenntar þann 17. nóvember 2020 varðandi þjónustu sálgæslu presta og djákna á Landspítala

Spurning 1: *Hverjar eru menntunar- og reynslukröfur í ráðningarferli sálgæsluáðila?*

Svar: Til að vera ráðin/n til starfa hjá sálgæslu presta og djákna við Landspítala þarf viðkomandi að hafa að grunni fullgilt háskólanám á mastersstigi til djákna eða prestsþjónustu og hafa þar að auki lokið framhaldssérnámi í sálgæslu á stofnunum, (CPE Clinical Pastoral Education) eða sambærilegu námi. CPE er verklegt sérnám þar sem unnið er með einstaklingum á fjölmenningsgrunni með ólíkar trúar og lífsskoðanir. Í náminu er m.a. byggður upp fræðilegur grunnur og klínísk reynsla í meðferð fólks í sorg og áföllum.

Spurning 2: *Hver greiðir laun þeirra presta/djákna sem starfa á LSH? Landspítali, Þjóðkirkjan eða annar?*

Svar: Landspítali greiðir 6.8 stöðugildi og Þjóðkirkjan greiðir eitt stöðugildi.

Spurning 3: *Hafið þið tekið saman tölfræði yfir hlutfall þeirra sjúklinga/aðstandenda sem þiggja sálgæsluáðstoð, eftir trúfélagsaðild?*

Svar: Sálgæsla presta og djákna Landspítala greinir þjónustuþega sína ekki að eftir trúar eða lífsskoðunum heldur leggur sig fram við að vinna með hverjum og einum á grunni lífs og trúarskoðana hans eða hennar.

Spurning 4: *Stendur sjúklingum til boða sálgæsluáðstoð frá öðrum trú- eða lífsskoðunarfélögum en Þjóðkirkjunni?*

Svar: Sálgæsla presta og djákna Landspítala er ekki þjónusta þjóðkirkjunnar heldur Landspítalans sem veitt er þeim sem um hana biðja án aðgreinings eftir lífs og trúarskoðunum viðkomandi. Ef viðkomandi óskar sértækrar þjónustu, s.s. sakramenta, sem starfsmenn sálgæslu presta og djákna geta ekki veitt, eða ef viðkomandi óskar sérstaklega stuðnings einstaklings af sínum trúararfi þ.m.t. sóknarpresti sínum þá er reynt að milliganga það eftir því sem tók eru á. Þjónusta okkar stendur öllum opin, jafnt sjúklingum sem aðstandendum og starfsfólki spítalans, án tillits til lífsskoðana eða trúarafstöðu.

Spurning 5: *Ef slík aðstoð stendur sjúklingum og aðstandendum þeirra til boða – hver greiðir fyrir slíka aðstoð? Trú- eða lífsskoðunarfélagið eða LSH?*

Svar: Landspítali greiðir ekki sérstaklega fyrir slíka þjónustu en greiðir götu þeirra sem hana veita eftir því sem kostur er. Mjög algengt er að fulltrúar sóknarkirkna, safnaða eða

trúfélaga vitji meðlima sinna inni á Landspítala. Landspítali heldur ekki skrá yfir trúfélagsaðild né veitir upplýsingar um hverjir liggja inni á spítalanum. Þjónusta þessara utanaðkomandi aðila er þá á þeirra vegum og jafnan að ósk viðkomandi sjúklings eða fjölskyldu hans.

Spurning 6: *Hvernig er aðgengi að veraldlegri sálrænni aðstoð, svo sem aðstoð sálfræðinga, fyrir sjúklinga annars vegar og aðstandendur hins vegar?*

Svar: Sálgæsla presta og djákna Landspítala er ekki sérkristileg sálgæsla eins og tiltekið er í spurningunni heldur er reynt að byggja á lífsskoðunum þess sem þjónustuna þiggur. Þjónustan stendur öllum til boða, sjúklingum, aðstandendum og starfsfólki. Þjónustunni er stýrt inn á dagvinnutíma eftir því sem föng eru en bráðaþjónusta veitt allan sólarhringinn..

Spurning 7: *Stendur aðgengi að kristilegri sálgæslu annars vegar og veraldlegri sálrænni aðstoð sálfræðinga jafnfætis hvað varðar tímafjölda og umfang, tíma sólarhrings, og því hverjum stendur slík þjónusta til boða?*

Svar: Hér vísast í svar við spurningu 6.

Spurning 8: *Hefur sálgæsluteymi LSH skoðað þann möguleika að ráða til sín veraldlega sálgæslu-/tilvistarráðgjafa, eða sálgæsluaðila sem tilheyra öðrum trúarbrögðum en kristni?*

Svar: Þegar auglýst er eftir starfsfólki í sálgæslu deildar okkar er tekið við umsóknum frá þeim sem hafa framhaldssérnám í sálgæslu (CPE) eða sambærilegt nám ofan á grunn og mastersnám frá viðurkenndum háskólum. Mörg starfsmanna okkar hafa starfað við sjúkrahús erlendis þar sem sambærilegar deildir eru skipaðar af einstaklingum af margvíslegum bakgrunni trúar og lífsskoðana og hafa góða reynslu af því.

Tilvitnun í lög um réttindi sjúklinga

„Lina skal þjáningar sjúklings eins og þekking á hverjum tíma frekast leyfir. Sjúklingur á rétt á að njóta stuðnings fjölskyldu sinnar, ættmenna og vina meðan á meðferð og dvöl stendur. Sjúklingur og nánustu vandamenn hans eiga rétt á að njóta andlegs, félagslegs og trúarlegs stuðnings.“

Reykjavík 25. nóvember 2020

Rósa Kristjánsdóttir
deildarstjóri
Sálgæsla presta og djákna á Landspítala
Landspítala við Hringbraut
101 Reykjavík